

11. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar föstudaginn 12. nóvember 2010, kl. 14:30.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Valgerður Hilmarsdóttir fjármálastjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

- 1. Fjárhagsáætlun 2011 – 3. Fundur**
 - 2. Fundargerðir:**
 - a) Bs. um Menningu og atvinnumál frá 11. október 2010**
 - b) Menningarráðs Norðurlands vestra frá 20. október 2010**
 - c) Bs. um Félags- og skólaþjónustu frá 21. október 2010**
 - 3. Erindi frá Foreldrafélagi Blönduskóla dags 2. nóvember 2010**
 - 4. Erindi frá Bs. um Tónlistarskóla Austur-Húnavetninga dags 1. nóvember 2010**
 - 5. Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu dags 29. október 2010**
 - 6. Erindi frá Farskólanum dags 20. október 2010**
 - 7. Erindi frá Kvennaathvarfinu dags október 2010**
 - 8. Erindi frá Stígamótum dags 1. nóvember 2010**
 - 9. Önnur mál**
-

Afgreiðslur:

1. Fjárhagsáætlun 2011 – 3. fundur

Valgerður Hilmarsdóttir fjármálastjóri fór yfir forsendur og gögn vegna fjárhagsáætlunar 2011. Að umræðum loknum samþykkti bæjarráð að vísa fjárhagsáætluninni í fyrri umræðu í bæjarstjórn þann 16. nóvember 2010 og að það verði haldið áfram að vinna í tillögum að niðurskurði.

2. Fundargerðir:

- a) Fundargerð bs. um Menningar- og atvinnumál frá 11. október 2010 kynnt og rædd. Dagskráin er í 7 liðum.*
- b) Fundargerð Menningarráðs frá 20. október 2010 kynnt og rædd. Dagskráin er í 5 liðum.*
- c) Fundargerð bs um Félags- og skólaþjónustu frá 21. október kynnt og rædd. Dagskráin er í 5 liðum.*

3. Erindi frá Foreldrafélagi Blönduskóla dags 2. nóvember 2010.

Í erindi Foreldafélagsins er vakin athygli á leiðum til að koma til móts við barnmargar fjölskyldur í sveitarfélaginu við gerð fjárhagsáætlunar 2011. Bæjarráðið þakkar foreldafélaginu fyrir tillögur sínar og felur bæjarstjóra að svara erindinu.

4. Erindi frá bs. um Tónlistarskóla Austur-Húnavetninga dags 1. nóvember 2010

Lögð var fram endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir 2010. Samkvæmt henni lækka gjöld ársins sem nemur framlagi eins mánaðar. Tekjur ársins 2010 verða því 40.590.000 en gjöld 45.687.000. Einnig voru kynnt drög að fjárhagsáætlun fyrir 2011. Samkvæmt henni verða tekjur ársins 46.090.000 en gjöld verða 46.031.000. Bæjarráð óskar eftir því við byggðasamlagið að fjárhagsáætlun 2011 verði endurskoðuð og að leitað verði leiða til lækkunar á rekstrarkostnaði næsta árs. Fundargerð frá 28. október 2010 einnig lögð fram og kynnt.

5. Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu dags 29. október 2010.

Fram kemur í bréfum ráðuneytisins eru áætlanir um úthlutun aukaframlags Jöfnunarsjóðs og áætlað tekjurjöfnunarframlag ársins 2010. Áætlað aukaframlag Blönduósbæjar árið 2010 er 16.623.393 krónur og áætlað tekjurjöfnunarframlag er 713.400 krónur.

6. Erindi frá Farskólanum dags 20. október 2010.

Farskólinn þakkar gott samstarf á liðnum árum og leggur fram ósk um rekstarstyrk fyrir árið 2011 að upphæð 233.000 krónur. Bæjarráð samþykkir að vísa umsókninni til gerðar fjárhagsáætlunar.

7. Erindi frá Kvennaathvarfinu dags október 2010.

Kvennaathvarfið leggur fram fjárhagsáætlun næsta árs og leitar eftir styrk til starfsseminar að upphæð 100.000 krónur. Bæjarráð hafnar erindinu.

8. Erindi frá Stígamótum dags 1 nóvember 2010.

Lagt fram erindi Stígamóta þar sem starfssemi þeirra er kynnt og óskað eftir styrk til starfsseminnar. Bæjarráð hafnar erindinu.

9. Önnur mál

a) Húsnæðismál voru rædd og farið yfir stöðu leiguíbúða.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 16:36

Kári Kárason (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Oddný M. Gunnarsdóttir (sign.)

Valgerður Hilmarsdóttir (sign.)